

Reykjanesbær

> Gunnar Kristinn Ottósson,

Skipulagsfulltrúi, (gunnar.k.ottosson@reykjanesbaer.is)

Tjarnargötu 12

230 Reykjanesbær



HS ORKA

Svartsengi
240 Grindavík
Iceland

+354 520 9300
hsorka@hsorka.is

www.hsorka.is

Sent með tölvupósti

Svartsengi, 10. nóvember 2020

Varðar: Heimild til að hefja vinnu við að uppfæra deiliskipulag fyrir orkuvinnslusvæðið á Reykjanesi

HS Orka óskar eftir heimild Reykjanesbæjar með tilvísun í 2. mgr. 38. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, til að vinna að því að uppfæra deiliskipulag fyrir iðnaðarsvæðisins á Reykjanesi á kostnað fyrirtækisins. Samhljóða beiðni verður send til Grindavíkurbæjar. Í gildi er eitt sameiginlegt deiliskipulag í gildi fyrir iðnaðarsvæðið, sem nær bæði til Reykjanesbæjar og Grindavíkur. HS Orka hefur í samtali við skipulagsfulltrúa sveitarfélaganna farið yfir forsendur þess að uppfæra deiliskipulagið, sem hefur verið breytt 11 sinnum.

Helstu forsendur eru:

- Að samræma og uppfæra deiliskipulagið þannig að allar breytingar verði teknar saman.
- Að einfalda deiliskipulagið og tryggja að það falli betur að þeim hagsmunum sem eru til staðar, sem eru orkuvinnsla, auðlindanýting, náttúruvernd og ferðaþjónusta.
- Að skipta upp deiliskipulaginu í tvö skipulagssvæði, annars vegar í Grindavík og hins vegar í Reykjanesbæ. Sú uppskipting er til að einfalda stjórnýslu á svæðinu.
- Að nýta skipulagsferlið til að kynna sérstöðu Reykjanessins og þau tækifæri sem þar eru til auðlindanýtingar og atvinnuuppbyggingar.

HS Orka mun vinna að uppfærslu deiliskipulagsins í samvinnu við skipulagsfulltrúana og tryggja að samráð verði haft við alla helstu hagaðila og umsagnaraðila svæðisins s.s. Jarðvanginn, Umhverfisstofnun, Hafrannsóknarstofnun og Skipulagsstofnun.

Veiti Reykjanesbær heimild til HS Orku mun deiliskipulagsvinna hefjast strax með gerð skipulagslýsingar. Ef óskað er eftir frekari upplýsingum, þá vinsamlegast hafið samband við undirritaðan.

Ásbjörn Blöndal

Framkvæmdastjóri þróunarsviðs HS Orku

ab@hsorka.is